

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Kranar ehf.  
kt. 5703891229

Starfsstöð: Nesbraut 7, 730 Reyðarfjörður  
Fastanúmer: 226-4904

Leyfið gildir frá 12. júlí 2021 til 12. júlí 2033

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- **Verkstæði til viðgerða, viðhalds og geymslu á vélum og faratækjum fyrirtækisins**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skytt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

HEILBRIGÐISEFTIRLIT  
Drofn Svabjörnsdóttir  
Drofn Svabjörnsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi



**HAUST**

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

# Starfsleyfisskilyrði

## Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Kranar ehf., kt. 570389-1229  
Starfsstöð: Nesbraut 7, 730 Reyðarfjörður  
Fastanúmer: 226-4904

Leyfið gildir frá 12. júlí 2021 til 12. júlí 2033

Um er að ræða starfsleyfi fyrir verkstæði til viðgerða, viðhalds og geymslu á vélum og faratækjum fyrirtækisins

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 18. mars 2021

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*
- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp m.s.br.*

### 1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda.

---

Um er að ræða verkstæði til viðgerða, viðhalds og geymslu á vélum og tækjum fyrirtækisins. Ekki er um að ræða leyfi fyrir almennu bifreiðaverkstæði fyrir almenning.

Sambyggð sand- og olíuskilja er á fráveitu frá niðurföllum í verkstæðishlutanum, þ.e. vesturendi húsnæðisins.

Um starfsemina gilda m.a.

- *Fylgiskjal 1. Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi*
- *Fylgiskjal 2. Starfsleyfisskilyrði fyrir bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur*

### 2. Mengunarvarnir

---

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði.

Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.

Engar breytingar verði gerðar á frárennsli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.

### **2.1. Mengunarvarnir fráveitu**

Olíuskilja skal vera á fráveitu þar sem vinna með olíur fer fram, þ.e. gólf og vöskum í vinnusal áður en lagnir sameinast skólplögn.

Tryggt skal að aðstæður á vettvangi séu með þeim hætti að auðvelt sé að fylgjast með frárennsli frá olíuskilju og taka sýni úr frárennslinu. Allar nýjar olíuskiljur skulu útbúnar sjálfvikrum viðvörunarbúnaði og lokunarbúnaði ef olíurými í skiljunni er innan við 150 sinnum nafnstærð skiljunnar. Hönnun og notkun olíuskilja skal vera í samræmi við staðla ÍST EN 858 og leiðbeiningar Umhverfisstofnunnar.

Mæla skal magn olíu í skiljunni reglulega, en þó eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti. Tæma og hreinsa skal eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunnar um olíuskiljur. Viðurkenndur aðili með tilskilin leyfi skal annast tæmingar og skal það gert eftir þörfum en þó eigi sjaldnar en þriðja hvert ár. Alla þjónustu, eftirlit og viðhald skal skrá og dagsetja í innra eftirlit starfstöðvar.

Staðsetja skal olúgeyma s.s. neyslugeyma, einnig úrgangsolíutank, á vökvaheldu yfirborði tengt olíuskilju, þar sem því verður við komið. Annars skal gæta þess að jarðvegur undir sé eins þéttur og völ er á og að ekki halli þannig frá geymasvæði að olíuleki breiðist auðveldlega út. Ofanjarðarolíugeymar skulu staðsettir utan akstursleiða. Ef því er ekki við komið skulu þeir búnir árekstrarvörnum.

Þvottur véla- og vélarhluta skal fara fram á olíuheldu yfirborði með afrennsli um olúgildru eða í þar til gerðum þvottavélum með lokuðu kerfi.

Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á olíuheldu yfirborði með afrennsli um sandfang og olúgildru.

### **2.2. Mengunarvarnabúnaður**

Mengunarvarnabúnaður, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, skal vera tiltækur til að bregðast við minni mengunaróhöppum.

## **3. Sýnataka af fráveitu frá olíuskilju**

---

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga, sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Prófanir og úttektir skulu vottaðar af viðurkenndum úttektaraðila.

Rekstraraðili skal framkvæma mælingar á frárennslisvatni olíuskilju reglulega, fyrst innan árs frá útgáfu starfsleyfisins. Tíðni mælinga á fráveituvatni olíuskilju skulu ákveðnar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

Rannsaka skal magn olíu og fitu í fráveituvatninu. Rannsóknaniðurstöður skulu sendar til Heilbrigðiseftirlits Austurlands og einnig skráðar í gögn um innra eftirlit starfstöðvar. Losunarmörk eru að hámarki 15 ppm (mg/L) af olíu í fráveituvatni frá skiljunni.

Mælist mengun yfir mörkum skal fyrirtækið grípa til ráðstafana til að draga úr menguninni og taka sýni á ný innan 4ra vikna. Þetta skal endurtaka þar til olía í fráveituvatni er innan viðmiðunarmarka.

Nota skal sýnatökuaðila og rannsóknastofu sem Heilbrigðiseftirlit Austurlands samþykkir.

## **4. Innra eftirlit**

---

Viðhafa skal reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstarþáttum sem geta haft áhrif á mengun og/eða losun efna út í umhverfið. Krafa er um að á starfstöðinni sé virkt og sýnilegt innra eftirlit. Eftirfarandi skal liggja fyrir ef við á.

- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
- Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á olíu- og sandskiljum. Við tæmingu skal skrá magn sands og olíusora sem er tekið.
- Rannsóknaniðurstöður sýnatöku fráveitu frá olíuskilju.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.

Lagnateikning skal vera til staðar með upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslislagna.

Halda skal skrá yfir olúgeyma starfstöðvar, þ.e. fyrir neyslu-, húsa- eða lausageyma sem eru í notkun.

Tæknilegar upplýsingar um olúgeyma og olíu- og sandskiljur skulu vera tiltækar í gögnum fyrirtækisins.

Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.

## 5. Annað sem varðar starfsemina

---

### 5.1. Fráveita

Afrennslí frá olíuskilju er leitt í fráveitu sveitarfélagsins í Fjarðabyggð.

### 5.2. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um og taka kvittun til staðfestingar á réttum skilum.

### 5.3. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

Bifreiðum, sem bíða viðgerðar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila. Allt sem starfseminni tilheyrir skal vistað innan lóðar fyrirtækisins og þannig frá því gengið að hvorki sé hætta á foki, óþrifum í umhverfi né óþægindum fyrir nágretta.

Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóðinni.

### 5.4. Mengunaróhapp

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

### 5.5. Starfsemi hætt

Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Austurlands með minnst mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megí út frágang á aðstöðunni.

Gera skal ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði fargað á viðurkenndan hátt.

12. júlí 2021

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,

heilbrigðisfulltrúi



# HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

12. júlí 2021

Kranar ehf.  
Hafrafell 4  
701 Egilsstaðir

## Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir verkstæðisaðstöðu að Nesbraut 7, 730 Reyðarfirði

Umsókn um starfsleyfi fyrir verkstæðisaðstöðu eigin tækja og véla barst frá Krönum ehf., kt. 570389-1229, þann 18. mars 2021.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Óskað var eftir umsögn skipulags- og byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar þann 20. maí sl. Jákvæð umsögn barst til heilbrigðiseftirlitsins þann 27. maí. Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 11. júní sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 9. júlí 2021.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. Laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamál fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til nefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.